



Mælingar á farsímasamböndum í Dalabyggð.

Mælingar þessar voru framkvæmdar í febrúar og maí 2022. Haft var til hliðsjónar kort sem birtist í Bændablaðinu 15. Febrúar 2022.



Kort af svæðinu sem úttekt Jóhónnu Mariu Sigmundsdóttur náði til. Rauðu punktarnir merkja að ekkert samband náðist.

Gerðar voru farsímamælingar og ekið heim að bæjum þannig að mynd fengist af gæðum farsímasambanda hjá símafélögunum. Tekið skal fram að þessar mælingar eru gerðar utan dyra ekki er skoðað hvernig símasamband er innanhúss eða innan ökutækis. Það má reikna með deyfingu, verra sambandi innan húss eða innan ökutækis. Síminn og Vodafone/Nova eru með rekstur farsímaneta á svæðinu og í loftinu eru GSM, UMTS/3G og LTE/4G. Gæði farsíma merkis er skráð með litum eins og sést í töflu hér undir fyrir GSM, UMTS og LTE. Litirnir í töflunni sýna að rauði liturinn er ekkert samband appellínugult að samband er á mörkunum að nást, þ.e. ef viðkomandi er úti.



Ekki er hægt að aka yfir svæðið í einni lotu þar sem vegalengdir eru það miklar en svæðinu er skipt í 13 hluta í skýrslunni þar sem hver vegakafli sem er ekinn er sýndur með mismunandi litum til að tákna gæði móttöku farsíma merkis.

Helstu niðurstöður.

Það eru 3 svæði sem skera sig úr með sambandsleysi en það eru Sælingsdalur en þar er ekkert samband. Á Kjarlaksvöllum er eingöngu UMTS/3G hjá Vodafone/Nova nothæft. Innst í Hörðudal er ekkert GSM en UMTS/3G og LTE/4G hjá Símanum er í lagi þar.

Skarðsströndin og Fellsströndin eru svæði þar sem farsímasamband er að mestu í lagi þ.e. hjá Símanum og Vodafone/Nova en það eru kaflar á þeirri leið sem LTE/4G er að detta út. Á Fellströndinni skera sig úr bæirnir við Valpúfu og Breiðabólstað en þar er UMTS/3G hjá Símanum og Vodafone/Nova en hvorki GSM eða LTE/4G.

Vert er líka að hafa í huga ef notandi sem er með LTE/4G síma nær ekki LTE/4G sambandi næði þá mögulega UMTS/3G eða GSM sambandi.

Í Álftafirði undir Úlfarsfelli er slæmt samband bæði á GSM og LTE/4G hjá Símanum og Vodafone/Nova en UMTS/3G er gott hjá hjá Símanum og Vodafone/Nova


Upplifun íbúa sem kemur fram samkvæmt Bændablaðinu 15. Febrúar 2022 er talsvert ólík því sem við erum að sjá með þessum mælingum. Það sem kemur fyrst upp í hugann er að farsímasamband er mismunandi eftir símafélagi, til dæmis er GSM hjá Vodafone/Nova slæmt á Fagradalsbæjunum á Skarðsströnd og það mætti laga með að samnýtingu kerfa. Farsímasamband mætti laga á fleiri stöðum með með samnýtingu kerfa.

Annað atriði sem skiptir miklu máli er hvort notandi er innandyra eða inni í ökutæki. Deyfing farsímamerkis inn í bíl er um 3-5dB. Deyfing inn í steinsteypt hús er um 10-20dB og gler um 4 dB. Þessi atriði skipta miklu máli þegar niðurstöður þessara mælinga eru skoðaðar.

Í Bændablaðinu er rætt um slæmt samband í Búðardal en það er ekki að sjást á þeim mælingum þegar ekið er í gegnum Búðardal.


Leið 1: Búðardalur- Sælingsdalur- Ólafsdalur.

Þegar ekið er inn í Sælingsdal er ekkert farsímasamband á bænum og um 2 km frá bænum næst fyrst samband. Svo er kafli þar sem Síminn GSM, UMTS og LTE dettur út í Svínadal niður í Hvoltsdal en GSM hjá Vodafone/Nova er inni en UMTS og LTE er að detta út á þessari leið og inn í Ólafsdal.



GSM síminn

GSM Vodafone/Nova



UMTS Síminn


UMTS Vodafone/Nova

LTE Síminn

LTE Vodafone/Nova

Leið 2: Frá Skriðulandi og ekinn Klofningsvegur og þaðan inn Staðarhólsveg, Efri Múlaveg og að Kjarlaksvöllum.

Þegar ekið er inn Staðarhólsdalinn er farsímamerkið í lagi yst í dalnum en eftir sem innar dregur versna samböndin og seinasti kílómetrinn inn að Kjarlaksvöllum er nánast ekkert samband. Þar er ekkert GSM samband hjá Vodafone/Nova og Símanum. Eina nothæfa sambandið er 3G hjá Vodafone/Nova.




GSM síminn

GSM Vodafone/Nova

UMTS Síminn

UMTS Vodafone/Nova




LTE Síminn

LTE Vodafone/Nova


Leið 3: Ekið frá Staðarhólsvegi út í Ása og þaðan að Níp.

Hér er GSM sambans Símans gott, en GSM samband hjá Vodafone/Nova gæti verið að detta út í kring um Fagradalsbæina. Sitthvorumegin við Fagradalsbæina er GSM samband Vodafone/Nova ekkert. UMTS/3G er gott á þessari leið. Sama má segja um LTE hjá Símanum þar er gott merki alla leiðina en LTE merki Vodafone/Nova er ekkert við Fagradalsbæina.




GSM síminn


GSM Vodafone/Nova




UMTS Síminn



UMTS Vodafone/Nova




LTE Síminn




LTE Vodafone/Nova

Leið 4: Frá Skriðulandi og ekinn Klofningsvegur og þaðan inn Stóru-Tunguveg inn á leið 593 og að gatnamótum á Klofningsvegi.


GSM og UMTS/3G er víðast hvar í lagi, en við Skarðsstöð og Árland er GSM og 3G að detta út og svo er kafli á Dagverðarnesvegi og þar við er LTE hjá Símanum og Vodafone/Nova að detta út. Svo er langur kafli á leið um Stóru-Tunguveg og inn á Orrahólsveg þar sem er ekkert LTE samband hjá Vodafone/Nova.




GSM síminn




GSM Vodafone/Nova




UMTS Síminn



UMTS Vodafone/Nova





LTE Síminn




LTE Vodafone/Nova


Leið 5: Ekið frá Gatnamótum Stóru-Tunguvegar og Klofningsvegar veg 590 að gatnamótum Klofningsvegar veg 590 og Vestfjarðavegi veg 60.

Við bæina Valþúfu og Breiðabólstað er ekkert GSM samband hjá Símanum og slitrótt samband hjá Vodafone/Nova. UMTS/3G er í lagi á þessari leið hjá Símanum og Vodafone/Nova en það gæti samt orðið vart við einstaka stað þar sem truflun gæti orðið. Samband LTE/4G er ekkert við Valþúfu og Breiðabólstað hjá Símanum og Vodafone/Nova og er samband slitrótt á nokkrum stöðum eftir það hjá Símanum og Vodafone/Nova.







GSM síminn




GSM Vodafone/Nova




UMTS Síminn



UMTS Vodafone/Nova



LTE Síminn



LTE Vodafone/Nova

Leið 6: Ekið frá Búðardal, Vestfjarðarveg veg 60 og að Magnúsarskógum.

Á þessum vegakafla eru GSM og UMTS/3G í lagi hjá Símanum og Vodafone/Nova. LTE/4G hjá Símanum og Vodafone/Nova er slitrótt og inn á milli að detta út.




GSM síminn

GSM Vodafone/Nova

UMTS Síminn

UMTS Vodafone/Nova




LTE Síminn

LTE Vodafone/Nova

Leið 7: Ekið frá Búðardal inn Hjarðarholtsveg, veg 587 að Hróðnýjarstöðum og veg 5870 að Lambastöðum.

GSM og UMTS/3G hjá Vodafone/Nova er gott á þessum vegakafla en hjá Símanum eru kaflar eftir Hjarðarholt og austur fyrir gatnamót á vegi 587 þar sem GSM og UMTS/3G er að detta út. LTE/4G er á mörkunum að detta út við Hjarðarholt svo er fljótlega ekkert samband hjá Símanum að Goddastöðum en þar er LTE/4G samband. Sama má segja um Vodafone/Nova nema það er ekkert samband á Goddastöðum. Vegurinn 587 við Vígholtsstaði og áfram en þar er LTE/4G í lagi en ekkert merki hjá Vodafone/Nova.




GSM síminn

GSM Vodafone/Nova

UMTS Síminn

UMTS Vodafone/Nova




LTE Síminn

LTE Vodafone/Nova


Leið 8: Ekið Laxárdalsveg að Sólheimum og tekinn afleggjari inn veg 5863 og 588 að Gilstöðum og Sámstaðalandi.

Við bæinn Sólheima er GSM hjá Símanum aðeins slitrótt en að öðru leiti í lagi. GSM hjá Vodafone/Nova að gatnamótum við og á Sólheimum er ekkert. UMTS/3G hjá Símanum er ekkert á löngum kafla langleiðina að Gillastöðum og ekkert samband er á Sámstaðalandi og alla leið á Sólheima. UMTS/3G hjá Vodafone/Nova er ekkert í kringum Sólheima. LTE/4G hjá Símanum er slitrótt og kafli að og á Sólheimum er ekkert samband.




GSM síminn

GSM Vodafone/Nova




UMTS Síminn




UMTS Vodafone/Nova

UMTS




LTE Síminn




LTE Vodafone/Nova

Leið 9: Ekið frá Búðardal inn Haukadal að Smyrilshól og tekinn afleggjarinn og inn veg 5845 að Litla-Vatnshorni.


Ekið var inn Haukadalinn en GSM og UMTS/3G hjá Símanum og Vodafone/Nova er ágætt. LTE/4G samband Símans er slitrótt að Haukadalsvatni en eftir Haukadalsvatn er sambandið gott en er farið að dofna og verða slitrótt nær Smyrilshól. LTE/4G hjá Vodafone/Nova er slitrótt að Haukadalsvatni en ekkert eftir það.



GSM síminn



GSM Vodafone/Nova



UMTS Síminn

UMTS Vodafone/Nova



LTE Síminn

LTE Vodafone/Nova


Leið 10: Ekið frá Breiðabólstað á Vestfjarðaveg, veg 60, um Hlíðarveg til baka um Vestfjarðaveg og hringinn um Sauðafell, Hlíðarveg.

GSM og UMTS/3G er í lagi hjá Símanum og Vodafone/Nova en þó er kafli við bæinn Gröf þar sem GSM og UMTS/3G slitnar hjá Vodafone/Nova. LTE/4G hjá Símanum og Vodafone/Nova er slitrótt á stöku stað en hjá bænum Gröf er ekkert LTE/4G hjá Vodafone/Nova.




GSM síminn

GSM Vodafone/Nova



UMTS Síminn

UMTS Vodafone/Nova




LTE Síminn


LTE Vodafone/Nova

Leið 11: Ekið frá gatnamótum Snæfellsvegur og Hálsbæjarvegur inn Hörðudal að bænum Vífilsdal. Síðan ekið inn Heydalsveg að Svínavatni.

Ekið er inn Hörðudal en GSM samband hjá Símanum og Vodafone/Nova er alveg dautt á mótis við Ytri-Hrafnabjörg og er ekkert GSM samband alveg inn að bænum Vífilsdal. LTE/4G og UMTS/3G hjá Símanum er ágætt inn að innsta bænum Vífilsdal. LTE/4G og UMTS/3G samband hjá Vodafone/Nova er ekkert eftir Ytri-Hrafnabjörg.



GSM síminn




GSM Vodafone/Nova




UMTS Síminn



UMTS Vodafone/Nova




LTE Síminn



LTE Vodafone/Nova

Leið 12: Ekið frá gatnamótum Snæfellsnesvegjar og Heydalsvegjar að Ytra Leiti Skógarströnd.

Þegar ekið er leiðina inn að Litla Langadal ytri er ekkert samband þar á GSM hjá Símanum og sambandið er slitrótt á GSM hjá Vodafone/Nova. Á þessum kafla er GSM og UMTS/3G að mestu í lagi hjá Símanum og Vodafone/Nova en á fáum stöðum gæti samband verið slitrótt. LTE/4G á þessari leið er slitrótt hjá Símanum og Vodafone/Nova og við Valshamar er LTE/4G ekkert á köflum. Leiðin inn að Litla Langadal Ytri, þar er ekkert LTE/4G samband og slitrótt samband hjá LTE/4G hjá Vodafone/Nova og ekkert þegar komið er inn að Litla Langadal Ytri.




GSM síminn

GSM Vodafone/Nova



UMTS Síminn

UMTS Vodafone/Nova




LTE Síminn


LTE Vodafone/Nova

Leið 13: Ekið frá gatnamótum Ytra Leiti Snæfellsnesvegi til Stykkishólms.


Síðasti kaflinn fyrir Eyrarfjall inn að Stykkishólmi er GSM og UMTS/3G hjá Símanum og Vodafone/Nova í heildina gott nema undir Úlfarsfellinu þar ekkert samband á GSM hjá Símanum og Vodafone/Nova og slitrótt í botni Álftafjarðar. LTE/4G samband hjá Símanum og Vodafone/Nova er slitrótt og á löngum köflum ekkert í Álftafirði og síðan slitrótt hjá Símanum langleiðina að Stykkishólmi en í lagi hjá Vodafone/Nova.




GSM síminn




GSM Vodafone/Nova




UMTS Síminn



UMTS Vodafone/Nova



LTE Síminn



LTE Vodafone/Nova